



Alþingi  
Nefndarsvið  
Smiðju v. Tjarnargötu  
101 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2026  
Tilvísun: M202601-0054

**Efni: Umsögn ASÍ um frumvarpi til laga um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsaðgerðir (stytting bóttatímabils o.fl.), mál nr. 312.**

ASÍ hefur tekið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar og lögum um vinnumarkaðsúrræði sem fela í sér verulegar skerðingar á réttindum í atvinnuleysistryggingarkerfinu og breytingar á stjórnsýslu atvinnuleysistrygginga. Þær veigamestu eru annars vegar stytting bóttatímabils úr 30 mánuðum í 18 mánuði og hins vegar að ávinnslutími réttinda lengist úr þremur mánuðum í 12 mánuði. Stjórnvöld hyggjast þannig spara 6 milljarða króna á ársgrundvelli með því að skerða afkomutryggingu launafólks sem missir atvinnuna.

Alþýðusamband Íslands leggst eindregið gegn fyrirhuguðum breytingum og mótmælir harðlega þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru við undirbúning málsins. Verði þær að lögum munu þær **veikja tryggingavernd við atvinnumissi, vinna gegn virkni á vinnumarkaði og auka líkur á að brothættir hópar falli brott af vinnumarkaði**. Áformin verða enn áleitnari í ljósi þess að blikur eru nú á lofti í efnahagslífi og horfur á versnandi atvinnuástandi.

Frumvarpið er lagt fram á Alþingi í fullri andstöðu við afstöðu Alþýðusambands Íslands sem legið hefur ljós fyrir frá því hugmyndirnar voru fyrst kynntar af þáverandi félags- og húsnæðismálaráðherra vorið 2025. ASÍ hefur síðan ítrekað afstöðu sína við fjölda tilefna m.a. á fundum með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar, í harðorða umsögnum um áform og frumvarpsdrög í Samráðsgátt, ályktun miðstjórnar ASÍ sem og í blaðagreinum og opinberri umræðu. **Stjórnvöld hafa í þessu grundvallar réttindamáli vinnandi fólks, hins vegar valið að virða athugasemdir verkalýðshreyfingarinnar um efni og aðdraganda málsins að vettugi**. Ekki er minnst einu orði í umfjöllun um samráð í greinagerð frumvarpsins á gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar um málið.

**Aðdragandi málsins og vinnubrögð við það ganga þvert gegn áratuga venju á íslenskum vinnumarkaði** um þríhliða samtal aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í málum er varða vinnumarkaðinn og réttindi launafólks miklu. **Málið er verulega vanreifað og engar greiningar liggja fyrir** sem styðja nauðsyn þeirra eða leggja mat á áhrif breytinganna á einstaklinga, einstaka



atvinnugreinar, önnur afkomutryggingakerfi eða efnahagslífið í heild til skemmri og lengri tíma.

Tillögurnar eru fyrst og fremst settar fram í sparnaðarskyni en þeim fylgja **engar greiningar** sem rökstyðja breytingarnar eða mat á áhrifum þeirra á önnur kerfi. Því er alls óljóst hverjar afleiðingar breytinganna verða og hvort þær leiði í reynd til hagræðingar. Líkur eru á að skert réttindi í atvinnuleysitryggingakerfinu leiði til þess að fólk færist yfir í önnur afkomutryggingakerfi ss. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og örorkulífeyriskerfið með tilheyrandi rofi á tengslum við vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofunnar.

Þá ber að hafa í huga, að atvinnuleysitryggingar eru fjármagnaðar með gjaldtöku á atvinnurekendur í gegnum tryggingagjald. Verkalýðshreyfingin hefur í gegnum árin samið um þessa tryggingavernd í þríhliða samráði og tekið tillit til gjaldsins í kjaraviðræðum. Stytting bótatímabilsins og lengri ávinnslutími mun draga úr þörf fyrir gjaldtöku vegna minni tryggingaverndar en vekur þess í stað kröfu og rétt til hækkunar launa til samræmis við þær fórnir sem færðar hafa verið vegna þessarar ákvörðunar stjórnvalda.

Lenging á ávinnslutíma tryggingarverndar í 12 mánuði mun einkum bitna á hópum sem starfa í sveiflukenndum atvinnugreinum, ungu fólki sem er að fóta sig á vinnumarkaði og þeim sem útsett eru fyrir brotum á vinnumarkaði sem munu síður geta losað sig úr aðstæðum vegna skorts á afkomutryggingu.

Atvinnuþátttaka allra hópa hér á landi er ein sú mesta sem þekkist á alþjóðavísu og atvinnuleysi að jafnaði með minnsta móti, þar með talið langtímaatvinnuleysi. Ekki er því að sjá knýjandi þörf fyrir breytingar á atvinnuleysitryggingakerfinu sem skerða afkomutryggingu launafólks. Markmið breytinganna er samkvæmt frumvarpinu að stuðla að aukinni virkni en með öllu er óljóst hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuöryggi. **Framlög til virkra vinnumarkaðsaðgerða eru með þeim lægstu sem um getur hér á landi í alþjóðlegum samanburði og frumvarpinu fylgja engin áform um breytingar þar á.**

Líkt og framan greinir er nokkuð langur aðdragandi að því frumvarpi sem hér er til umfjöllunar. Áformin voru fyrst sett fram í fjármálaætlun ríkisstjórnarinnar síðastliðið vor og lýsti ASÍ þá þegar harðri andstöðu og mótmælti þeim.<sup>[1]</sup> Í byrjun september sl. var svo birt í Samráðsgátt stjórnvalda svokallað áformaskjal þar sem fram kom nánari útfærsla á fyrirætlunum ríkisstjórnarinnar um skerðingu réttinda í atvinnuleysitryggingakerfinu. Að því tilefni ritaði undirritaður grein í félagi við formann BSRB sem bar fyrirsögnina *Sparnaðartillögur á kostnað atvinnulausra* (sjá fylgiskjal 1) og í framhaldinu ályktaði miðstjórnar ASÍ um málið (sjá fylgiskjal 2) á fundi sínum 17. september 2025 þar sem segir m.a.:

*„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysitryggingar og skorar á ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.*

...

*Atvinnuleysitryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysitryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir*



*launafólks eru miklir og kerfið órjúfanlegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnslurétti tryggingarinnar.“*

Þrátt fyrir varnaðarorð og ígrundaða gagnrýni verkalýðshreyfingarinnar á áformin og þau vinnubrögð sem viðhöfð eru af hálfu ráðuneytisins í málinu völdu stjórnvöld áfram að hundska eðlilega kröfu samtaka launafólks um aðkomu og vönduð vinnubrögð þegar gerðar eru breytingar á grunnréttindum félagsmanna og hafa nú lagt fram frumvarpið í óbreyttri mynd.

ASÍ áréttar hér enn og aftur kröfu sína um að **frumvarpið verði dregið til baka og sameiginlegri nefnd aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu sem verið hefur starfandi síðustu ár sé gefin kostur á að ljúka vinnu sinni** og leggja fram heildstæðar breytingatillögur á kerfinu sem tryggi jafnvægi á milli tryggingaverndar við atvinnumissi og stuðnings í formi vinnumarkaðsaðgerða og aðstoðar í atvinnuleit.

#### **Nánari greining:**


##### **Atvinnuþátttaka sú mesta og atvinnuleysi lítið í alþjóðlegu samhengi**

Í alþjóðlegum samanburði er atvinnuþátttaka sú hæsta sem um getur og mælist hún hæst á meðal OECD ríkja. Skýrist þetta einkum af almennt mikilli atvinnuþátttöku kvenna sem og mikilli atvinnuþátttöku bæði ungmenna, eldri aldurshópa og innflytjenda.

Árið 2024 mældist þátttaka fólks á aldrinum 15–64 ára tæplega 89% hér á landi, samanborið við 75,4% að meðaltali í Evrópusambandinu og 74% innan OECD. Ísland er þar í efsta sæti meðal OECD-ríkja, með Holland, Sviss, Svíþjóð, Eistland og Japan í kjölfarið, öll með þátttöku yfir 80%<sup>[2]</sup>. Þegar lítið er lengra aftur í tímann má sjá að atvinnuþátttaka hefur verið meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Þrátt fyrir sveiflur í kjölfar efnahagshrunsins 2008 og heimsfaraldursins 2020 hefur atvinnuþátttaka jafnan náð sér hratt aftur og verið meiri en í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi.



**Mynd 1: Atvinnuþátttaka í alþjóðlegum samanburði, 2024 (15-64 ára)**




Heimild: OECD

Mikil atvinnuþátttaka og lágt atvinnuleysi má ekki taka sem sjálfgefnum hlut. Virkni á vinnumarkaði ræðst af samspili margra þátta. Kerfislægir þættir og stofnanaumhverfi leika lykilhlutverk í að stuðla að atvinnuþátttöku, sérstaklega meðal viðkvæmra hópa. Þar skiptir fyrirkomulag atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsúrræða miklu máli.

Atvinnuleysi mælist einnig lítið í alþjóðlegum samanburði, langt undir OECD meðaltali og minna en á hinum Norðurlöndunum. Samkvæmt gögnum Eurostat er langtímaatvinnuleysi það lægsta á Íslandi meðal Evrópuríkja. Alls hafa 12,1% atvinnulausra verið án atvinnu í meira en eitt ár borið saman við 32,2% innan Evrópusambandsins.

**Mynd 2: Hlutfall langtímaatvinnulausra af fjölda atvinnulausra, 2024.**




Heimild: Eurostat



Um 63% atvinnulausra eru með erlent ríkisfang. Hlutfallið hefur sveiflast nokkuð í kjölfar heimsfaraldurs en skömmu eftir hann voru Íslendingar stærri hluti atvinnulausra. Frá þeim tíma hefur hlutur erlendra ríkisborgara vaxið af heild. Vinnumálastofnun áætla að atvinnuleysi erlendra ríkisborgara sé 10,6% samanborið við 2,7% meðal Íslendinga. Sé samsetning langtímaatvinnulausra skoðað eftir bakgrunni mælist tíðni langtímaatvinnuleysis sambærileg milli hópa. Af atvinnulausum Íslendingum hefur tæplega fimmtungur verið án atvinnu lengur en eitt ár, eða 18,6%. Hlutfallið er um 20,8% hjá erlendum ríkisborgurum. Sé litið á þá sem hafa verið án atvinnu lengur en 24 mánuði er hlutfallið sambærilegt.

**Mynd 3: Hlutfall langtímaatvinnulausra eftir bakgrunni, ágúst 2025**



Heimild: Vinnumálastofnun


Framangreind tölfræði hlýtur að kalla á áleitnar spurningar um hvers vegna stjórnvöld telja nauðsynlegt að gera umfangsmiklar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Ljóst er að samspil atvinnupátttöku, afkomutryggingarkerfa og lífsgæða almennt er flóknara en svo að hægt sé að gera stórar breytingar á einstökum þáttum án þess að það hafi áhrif á aðra þætti. **Því telur ASÍ mjög áhælisvert að í frumvarpinu er ekki að finna neina viðleitni til raunverulegs áhrifamats. Breytingarnar eru kynntar og rökstuddar sem hagræðingaraðgerð sem geti sparað ríkissjóði um 3,5–6 milljarða króna á ári.** Alls er óljóst hvort sparnaðurinn náist í raun. Á móti geta breytingarnar ýtt undir kerfislægt atvinnuleysi, aukið brotfall af vinnumarkaði, kallað á aukin útgjöld sveitarfélaga eða leitt til aukinnar endurkomu á atvinnuleysisskrá og aukið örorkutíðni. Ekki er heldur ljóst hvernig stytting bótatímabils ein og sér eigi að stuðla að aukinni virkni atvinnuleitenda þar sem engin áform hafa t.a.m. verið kynnt um aukið fjármagn til virkra vinnumarkaðsaðgerða og eflingu á þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnuleitendur.



### Samhengislaus samanburður við nágrannalöndin

Í frumvarpinu eru tilraunir gerðar til að rökstyðja áformin með vísan í norrænan samanburð á bótatímabilum. Þessi röksemdafærsla er samhengislaus og segir einungis hálfa söguna. Nauðsynlegt að horfa heildstætt á réttindi og stuðningskerfi vinnumarkaðarins í þeim efnum. Atvinnuleysistryggingakerfin á Norðurlöndum eru ólík, byggjast að hluta á valkvæðum tryggingum en verður einnig að skoða í samhengi við önnur kerfi sem mæta einstaklingum við afkomumissi, t.d. áhrif skattkerfis og fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga. Slíkur samanburður leiðir í ljós að einstaklingur sem er án atvinnu í 36 mánuði er betur varinn gegn afkomumissi í Svíþjóð, þrátt fyrir styttra bótatímabil atvinnuleysistrygginga.

**Mynd 4: Tekjuvernd gegn atvinnumissi hjá ólíkum fjölskyldueiningum með 67% af meðaltekjum, % af fyrri tekjum**



Heimild: OECD<sup>[3]</sup>

Til viðbótar er þekkt að í mörgum samanburðarlöndum er mun ríkari ráðningarvernd, lengri uppsagnarfrestur o.s.frv. en þekkist hér á landi. Íslenskur vinnumarkaður einkennist almennt af sveigjanleika og frjálsræði sem undirbyggt er af öryggisneti eins og sterkum almennum atvinnuleysistryggingum sem fjármagnaðar eru með tryggingagjaldi. Þessi sveigjanleiki hefur almennt þótt kostur þar sem hann eykur getu hagkerfisins til að mæta efnahagslegum áföllum. **Boði stjórnvöld einhliða grundvallarbreytingar á því kerfi er ljóst að verkalýðshreyfingin mun þurfa að aðlaga kröfur sínar og áherslur í átt að þeirri festu og öryggi sem þekkist í öðrum löndum.** Heildstæður samanburður á réttindum og afkomuöryggi launafólks á norðurlöndunum leiðir alls ekki til þess að þau áform sem hér eru boðuð megri réttlæta með hliðsjón af því.





### **Lengri ávinnslutími bitnar verst á ungu fólki, árstíðarbundnum greinum og berskjölduðum hópum**

Í frumvarpinu er lagt til að lengja ávinnslutíma atvinnuleysisbóta úr 3 mánuðum í 12 mánuði sem mun þýða að launafólk er án afkomutryggingar missi það starf sitt fyrsta árið eftir að það kemur inn á vinnumarkaðinn eða hefur fullnýtt rétt sinn. Tilgangur þessara breytingar er afar óljós en þessi réttindaskerðing mun einkum bitna á hópum sem starfa í sveiflukenndum atvinnugreinum, ungu fólki sem er að fóta sig á vinnumarkaði og hópum sem útsettir eru fyrir brotum á vinnumarkaði og munu síður geta losað sig úr aðstæðum vegna skorts á afkomutryggingu. Hjá starfsfólki í árstíðabundnum atvinnugreinum eins og ferðaþjónustu, mannvirkjagerð og fiskvinnslu mun reyna verulega á hert ávinnsluskiyrði **Sá sveigjanleiki í ráðningarfestu sem kjarasamningar í slíkum atvinnugreinum leyfa, m.a. með vísan í öflug afkomutryggingarkerfi eins og atvinnuleysistryggingar mun ekki geta staðið óhaggaður** verði umrædd áform að veruleika. Frumvarpið og greinagerð þess ávarpa þetta að engu leyti sem geta vart talist góð eða vönduð vinnubrögð.

### **Þörf á heildstæðri nálgun við breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar**


Um árabíl hefur ASÍ kallað eftir heildarendurskoðun á lögum um atvinnuleysistryggingar í ljósi breytinga sem orðið hafa á vinnumarkaði frá gildistöku þeirra árið 2006. Árið 2021 skipaði þáverandi félagsmálaráðherra nefnd um endurskoðun atvinnuleysistrygginga með fulltrúum aðila vinnumarkaðarins sem ætlað var að skila ráðherra tillögum að lagabreytingum. ASÍ tók virkan þátt í starfi nefndarinnar og lagði fram áherslur í samræmi við stefnu og sýn sambandsins um að atvinnuleysiskerfið sé einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks og að réttindakerfið eigi fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, veita ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit vinnandi fólks. Áherslur ASÍ lúta að ýmsum veigamiklum atriðum til að bæta kerfið í samræmi við þessar áherslur og snúa m.a. að einföldun tekjuviðmiða og brottfalls tveggja vikna biðtíma eftir tekjutengdum bótum

### **Litill stuðningur við atvinnuleitendur og illa fjármagnaðar vinnumarkaðsaðgerðir**

Þá hefur ASÍ í samræmi við markmið atvinnuleysistryggingakerfisins og laga um vinnumarkaðsaðgerðir ítrekað bent á nauðsyn þess að vinnumarkaðsúrræði séu nægilega fjármögnuð, vel hönnuð og í ákveðnum tilfellum klæðskerasniðin að tilteknum hópum. Er þar meðal annars horft til tillagna sem fram komu í skýrslunni Íslenskur vinnumarkaður 2021 þar sem bent var á mikilvægi þess að atvinnuleysistryggingakerfið þróist í átt að aukinni áherslu á virkni atvinnuleitenda. Þar skipti aukið fjármagn í vinnumarkaðsaðgerðir, snemmtæk íhlutun, aukin skimun fyrir áhættuhópum, aukin þjónusta við erlenda atvinnuleitendur og aukin áhersla á hnitmiðuð menntunar- og færniúrræði lykilmáli. Slíkar aðgerðir þjóna bæði hagsmunum einstaklinga og geta leitt til þjóðhagslegs ávinnings og sparnaðar til lengri tíma.




**Mynd 5: Hlutfall þátttakenda í úrræðum af atvinnulausum**



Heimild: Vinnumálastofnun

Í framangreindri skýrslu var bent á að einungis um þriðjungur þeirra sem voru á atvinnuleysissskrá á árunum 2016-2019 tók þátt í úrræðum Vinnumálastofnunnar. Hlutfallið var hæst á árunum eftir fjármálahrunið þegar á bilinu 50-55% atvinnulausra voru þátttakendur í úrræðum. Nýrri gögn um þátttöku í úrræðum eru ekki aðgengileg, sem vekur furðu í ljósi þeirra áforma sem hér eru til umfjöllunar, en í alþjóðlegum samanburði má sjá að Ísland er meðal þeirra landa innan OECD sem ráðstafaði hvað minnstu fjármagni til vinnumarkaðsaðgerða á árunum 2018-2023 (sjá mynd 6 að neðan). Þá liggja ekki fyrir neinar upplýsingar um innihald, gæði, árangur eða þátttöku einstakra hópa í vinnumarkaðsaðgerðum sem hljóta að teljast grundvallar upplýsingar við undirbúning á tillögum líkt og þeim sem hér eru lagðar fram.

**Mynd 6: Fjármunir í virkar vinnumarkaðsaðgerðir, meðaltal 2018-2023 (% af VLF)**



Heimild: OECD





## **Dregið úr aðkomu stjórnar og afnám svæðisbundinna vinnumarkaðsráða**

Í tillögum er lagt til að Atvinnuleysistryggingasjóður og stjórn hans verði aflögð til samræmis við breytt fyrirkomulag fjármögnunar atvinnuleysistrygginga. Gert er ráð fyrir að skipuð verði stjórn Vinnumálastofnunnar, með aðkomu aðila vinnumarkaðarins, sem taki að hluta til við hlutverki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samhliða þessu er lagt til að veikja talsvert aðkomu og umsagnarrétt stjórnar um ýmis mál er varða framkvæmd og virkni atvinnuleysistrygginga og vinnumarkaðsaðgerða. Þar á meðal verði ráðherra ekki lengur skylt að afla umsagnar stjórnar um reglugerðir sem settar eru í málaflokknum á grundvelli laga um atvinnuleysistryggingar og laga um vinnumarkaðsaðgerðir. Engin haldbær rök eru færð fyrir þessum breytingum og telur ASÍ hér um mikla afturför að ræða sem draga muni úr samráði við aðila vinnumarkaðarins og aðkomu þeirra að eftirliti og þróun atvinnuleysistrygginga og stuðningi við atvinnuleitendur sem skipt hefur sköpun fyrir uppbyggingu og sátt um kerfið hér á landi.

Þá er í frumvarpinu lagt til að átta svæðisbundin vinnumarkaðsráð sem starfrækt eru um land allt verði lögð niður en ráðin hafa m.a. það hlutverk að fylgjast með og fjalla um atvinnuástandið á sínu svæði. Þetta er lagt til með þeim rökum að erfitt hafi reynst að halda úti starfi vinnumarkaðsráða undanfarið. Í þessu samhengi má benda á að eðlilegt má teljast á tímum þar sem atvinnuástandið er gott, líkt og verið hefur víðast hvar á undanförunum árum, sé starfsemi vinnumarkaðsráða minni en ella. Ráðin geta hins vegar haft þýðingarmikið hlutverk þegar atvinnuleysi eykst, ekki síst við að greina svæðisbundin áhrif og leggja til viðeigandi aðgerðir og stuðning við atvinnuleitendur. Það vekur athygli að ekkert samráð virðist hafa verið haft eða álits leitað um tillöguna hjá vinnumarkaðsráðum um landið en eðlilegt hefði verið að eiga við fulltrúa þeirra samráð og horfa t.a.m. til þess hvort sameina megir ráð og samhliða styrkja starf þeirra og hlutverk.

## **Lokaorð**

Hér hafa verið rakin ýmis sjónarmið sem liggja að baki afstöðu ASÍ um að frumvarps félags- og húsnæðismálaráðherra um breytingar á atvinnuleysistryggingum og vinnumarkaðsaðgerðum séu varhugaverðar og illa ígrundaðar.

Mikil almenn atvinnupátttaka og lágt atvinnuleysi, sem einkennt hefur íslenskan vinnumarkað, er ekki sjálfgefið en sú staða byggir ekki síst á grunni hinnar ríku hefðar sem hér hefur skapast um víðtæka aðkomu aðila vinnumarkaðarins og náíð þríhliða samstarf við stjórnvöld um umgjörð og réttindakerfi vinnumarkaðarins.

Sú stefnubreyting stjórnvalda í samskiptum við aðila vinnumarkaðarins sem birtist í þessu máli er grafalvarleg að mati Alþýðusambands Íslands. Í stað samtals og samvinnu um grundvallar málefni vinnumarkaðarins er gripið til einhliða valdboða sem grafa undan réttindum launafólks og rjúfa þann félagslega sáttmála sem byggður hefur verið upp í áratugi. Slíkir skilaboð hafa áhrif og grafa undan mikilvægu trausti sem ríkja þarf í samskiptum stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins.

Krafa ASÍ er líkt og áður einföld. Að frumvarp þetta verði dregið til baka og nefnd stjórnvalda og aðila vinnumarkaðarins um heildarendurskoðun atvinnuleysistrygginga verði kölluð saman að nýju.



Nefndinni verði falið að ljúka verki sínu og leggja fram heildstæðar tillögur um breytingar á atvinuleysistryggingakerfinu sem geti orðið grundvöllur lagabreytinga. Þannig sýni stjórnvöld í verki að þau haldi í heiðri leikreglur vinnumarkaðarins um þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda í málefnum sem varða grundvallarréttindi launafólks.

Virðingarfyllst,

Finnbjörn A. Hermannsson  
Forseti ASÍ



## Fylgiskjal 1:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ og Sonju Þorbergsdóttur formanns BSRB, birt á Vísí 9. september 2025

### Sparnaðartillögur á kostnað atvinnulausra

Félags- og húsnæðismálaráðherra boðar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem til stendur að stytta bótatímabilið úr 30 mánuðum niður í 18 mánuði og herða á ávinnsluskilyrðum. Þessi áform endurspeglast einnig í frumvarpi til fjárlaga sem fjármála- og efnahagsráðherra kynnti í gær. Áætlað er að þessi skerðing á réttindum launafólks muni skila um sex milljarða króna sparnaði á ári þegar hún verður að fullu innleidd.

Atvinnuþáttaka allra hópa á Íslandi er sú mesta innan OECD og atvinnuleysi er einnig með minnsta móti, þar með talið langtímaatvinnuleysi. Ekki er því að sjá að knýjandi þörf sé á breytingum á atvinnuleysistryggingakerfinu og skerðingu á afkomuþryggingu launafólks.

Markmið breytinganna er sagt vera að stuðla að aukinni virkni þeirra sem lenda í langtímaatvinnuleysi en óljóst er með öllu hvernig ná skuli því markmiði með því einu að skerða réttindi og afkomuþryggi launafólks í viðkvæmri stöðu. Réttara er að kalla breytingarnar því nafni sem þær eru, sparnaðartillögur.

### Atvinnuleysistryggingar eru vernd gegn afkomumissi

Atvinnuleysistryggingar varða grundvallarakomu launafólks og veita vernd við atvinnumissi. Réttindin koma ekki sjálfkrafa heldur safnast upp í gegnum þátttöku á vinnumarkaði. Breyttur vinnumarkaður, tæknibreytingar og minni festa í ráðningarsamböndum sem draga úr afkomuþryggi launafólks minnka síður en svo þörf fyrir öflugar atvinnuleysistryggingar.

Samið var fyrst um atvinnuleysistryggingar árið 1955 í kjölfar harðra átaka og einhverra lengstu verkfalla sem verið hafa á vinnumarkaði. Í fyrstu var atvinnuleysistryggingasjóður í höndum verkalýðsfélaganna en síðar tóku stjórnvöld yfir sjóðinn og færðu undir Vinnumálastofnun sem einnig tók að sér alla umsýslu vegna hans. Þannig voru það aðilar vinnumarkaðarins sem settu kerfið á fót og hafa breytingar á því hingað til verið gerðar í samráði við þá.

### Niðurskurður í dulargervi

Árið 2021 var boðuð endurskoðun á atvinnuleysistryggingalögum og í kjölfarið stofnaði þáverandi félagsmálaráðherra starfshóp sem fékk það hlutverk að endurskoða lögin. Í þeim hópi áttu sæti fulltrúar launafólks ásamt fulltrúum atvinnurekenda og stjórnvalda. Á þeim vettvangi var meðal annars rætt um lengd bótatímabilsins.

Fulltrúar launafólks í starfshópnum lögðu ríka áherslu á að setja þyrfti umræðu um lengd bótatímabilsins í samhengi við þá þjónustu og þau úrræði sem til staðar væru til að aðstoða einstaklinga að komast aftur í starf. Slíkar aðgerðir miða m.a. að því að auðvelda atvinnuleit, tryggja góðar ráðningar, efla færni og getu atvinnuleitenda og tryggja virkni þeirra. OECD hefur einnig lagt áherslu á að atvinnuleysistryggingakerfið þurfi að koma betur til móts við þarfir innflytjenda sem síður hafa tengslanet á vinnumarkaði og þar þurfi úrræði, námskeið og tungumálakennsla að vera betur



sniðin að þeirra þörfum.

Fyrir liggur að mun minna er lagt í virk vinnumarkaðsúræði til að styðja við fólk í atvinnuleit hér á landi en í nágrannalöndunum og ekki er að sjá að áformuð sé stefnubreyting í þeim efnum.

### **Réttindi launafólks verða varin**

Ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur hefur nú ákveðið að virða að vettugi starf þessarar nefndar aðila vinnumarkaðarins og einhliða ákveðið að stytta atvinnuleysisbótatímabilið og herða ávinnsluskilyrðin. Lagt er til grundvallar að fólk sem missi réttinn til atvinnuleysisbóta finni sér bara nýtt starf. Þetta lýsir hroka og miklu þekkingarleysi á stöðu þeirra einstaklinga sem missa starf sitt og eru án atvinnu til lengri tíma. Fólk sem starfar í árstíðabundnum atvinnugreinum mun lenda í vandræðum og ætla má að ásókn vinnandi fólks í þær greinar dragist enn frekar saman.

Að stjórnvöld taki einhliða ákvörðun um breytingar á grundvallarréttindum vinnandi fólks án samráðs við verkalýðshreyfinguna er nánast fordæmalaust og gengur þvert á eðlileg samskipti stjórnvalda við aðila vinnumarkaðarins. Íslensk verkalýðshreyfing mun ekki sitja hjá og láta þessi vinnubrögð og þá miklu réttindaskerðingu launafólks sem boðuð er óátalin.



## Fylgiskjal 2:

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands 17. september 2025

### Ríkisstjórn Krístrúnar láti aðra en atvinnulausa fjármagna sparnaðinn

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) mótmælir harðlega þeim áformum stjórnvalda að skerða atvinnuleysistryggingar og skorar á ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur að láta aðra en atvinnulausa greiða fyrir sparnaðartillögur ríkisstjórnarinnar.

### Bein réttindaskerðing er ekki hagræðing eða ráðdeild í ríkisfjármálum.

Umrædd áform bætast nú við miður ígrunduð áform ríkisstjórnarinnar um afnám jöfnunarframlags vegna örorkubyrði sem leiðir til beinnar skerðingar réttinda örorku- og ellilífeyrisþega í lífeyrissjóðum.

Atvinnulausir og aldraðir eru ekki breiðu bökin sem sanngjarnt er að beri byrðarnar af hagræðingu í ríkisrekstri.

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum afkomuverndar launafólks. Atvinnuleysistryggingum var upphaflega komið á fyrir baráttu verkalýðshreyfingarinnar eftir mikil átök og langt verkfall um miðbik síðustu aldar. Alla tíð síðan hefur verið viðurkennt að ekki yrði hróflað við þeim grundvallarréttindum nema í breiðri sátt við verkalýðshreyfinguna. Hagsmunir launafólks eru miklir og kerfið órjúflegur hluti af grunngerð sveigjanlegs vinnumarkaðar hér á landi. Ríkisstjórnin hefur nú vikið harkalega af þessari braut með áformum um styttingu bótatímabils atvinnuleysistrygginga um 12 mánuði auk umtalsverðrar þrengingar á ávinnsur rétti tryggingarinnar.

Atvinnuleysistryggingar eru hluti af réttindum sem launafólk ávinnur sér með þátttöku á vinnumarkaði. Fyrir allan þorra fólks er mikið áfall að missa atvinnuna. Réttindakerfið á því fyrst og fremst að vera uppbyggilegt, tryggja afkomu, ráðgjöf og stuðning við virkni og atvinnuleit.

Verkalýðshreyfingin er nú sem endranær reiðubúin í viðræður um umbætur á atvinnuleysistryggingakerfinu. Rétt er að minna stjórnvöld á að starfshópur umendurskoðun laga um atvinnuleysistryggingar skipaður fulltrúum aðila vinnumarkaðarins hefur ekki fengið tækifæri til að ljúka vinnu sinni og leggja fram tillögur eins og eðlilegt væri.

Miðstjórn ASÍ skorar á ríkisstjórn Krístrúnar Frostadóttur að falla nú þegar frá einhliða áformum um að skerða réttindi atvinnuleitenda og sýna í verki að hér á landi sé þríhliða samstarf aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda haft í heiðri.

<sup>[1]</sup> Sjá umfjöllun ASÍ í undirkaflanum "*veiking atvinnuleysistrygginga*" í umsögn ASÍ við þingmál nr. 259 og 264 á 156. löggjafarþingi

<sup>[2]</sup> Miðað er við aldurshópin 15–64 ára í samræmi við skilgreiningu OECD, en tölur Hagstofu Íslands sem vísað hefur verið til hér að framan miða við 16–74 ára.

<sup>[3]</sup> Sjá <https://stat.link/tej04v>



### Fylgiskjal 3:

Grein Finnbjörns Hermannssonar, forseta ASÍ, birt á Vísí 26. janúar 2026

#### Samráðsleysi um atvinnuleysistryggingar er feigðarflan

Nýskipaður félagsmálaráðherra, Ragnar Þór Ingólfsson, mun á morgun, þriðjudag, mæla fyrir frumvarpi til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar. Þessi ákvörðun ráðherrans veldur miklum vonbrigðum og gefur tilefni til að rifja upp grundvallarstefnu Alþýðusambands Íslands í þessum mikilvæga málaflokki – og ekki síst að gagnrýna það alvarlega samráðsleysi sem hefur einkennt undirbúning málsins.

ASÍ hefur margítrekað mótmælt þessum áformum ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur m.a. með ítarlegri umsögn sem birt var í októbermánuði í fyrra.

Frumvarpið kveður á um að bótatímabil verði stýtt úr 30 mánuðum í 18 mánuði og að ávinnslutími réttinda lengist úr þremur mánuðum í 12 mánuði. Með fylgja afar óljósar og óútfærðar hugmyndir um vinnumarkaðsaðgerðir sem eru með öllu ófjármagnaðar. Það er ekki síst þetta síðastnefnda atriði sem veldur því að viðvörunarbjöllur hringja; reynsla verkalýðshreyfingarinnar af slíkum fyrirheitum stjórnvalda er í stuttu máli ekki góð. Vandræðalegar og samhengislausar tilraunir til að rökstyðja þau áform stjórnvalda að draga úr kostnaði með því að skerða einhliða réttindi launafólks eru því miður alltof kunnugar.

#### Hornsteinar velferðar

Atvinnuleysistryggingar eru einn af hornsteinum velferðarkerfisins. Þær eru ekki ölmusa heldur trygging sem launafólk greiðir af launum sínum í gegnum vinnumarkaðinn – trygging gegn tekjumissi þegar fólk missir starf sitt, oft með engum fyrirvara. Fyrir ASÍ hefur það alla tíð verið grundvallaratriði að þetta kerfi tryggi raunverulegt afkomuöryggi, styðji við virkni á vinnumarkaði og virði mannlega reisu.

Frumvarp ráðherra boðar hins vegar breytingar sem ganga þvert gegn þessum markmiðum. Með því að stytta réttindatímabil, herða skilyrði og auka óvissu fyrir þá sem missa vinnuna er verið að veikja félagslegt öryggisnet á sama tíma og vinnumarkaðurinn tekur miklum breytingum og eykur óvissu í mörgum hópum launafólks. Breytingarnar sem frumvarpið kveður á um eru í senn félagslega skaðlegar og skammsýnar í efnahagslegu tilliti.

#### Markvisst samráðsleysi

Auk þess sem innihald frumvarpsins er beinlínis skaðlegt er það ekki síður aðferðin sem stjórnvöld beita við vinnslu þess og framlagningu sem veldur miklum áhyggjum og er í sem stystu máli óboðleg með öllu. Verkalýðshreyfingin hefur ekki verið kölluð að borðinu með raunverulegum hætti. Það víðtæka og markvissa samráð sem eðlilegt er þegar ráðist er í breytingar á kerfi sem snertir líf skjör tugþúsunda heimila hefur ekki farið fram. Þetta er sérstaklega ámælisvert í ljósi þess að atvinnuleysistryggingar eru órjúfanlegur hluti af heildarskipan vinnumarkaðarins og félagslega samningslíkaninu sem byggir á trausti og samvinnu aðila.

ASÍ hefur ítrekað lagt áherslu á að breytingar á atvinnuleysistryggingum verði að byggja á greiningu,





gögnum og sameiginlegum skilningi aðila vinnumarkaðarins á markmiðum kerfisins. Slíkt samráð er ekki formsatriði – það er forsenda þess að niðurstaðan verði réttlát, skilvirk og njóti samfélagslegrar sáttar. Þegar stjórnvöld velja að fara fram hjá verkálýðshreyfingunni er markvisst grafið undan því trausti sem íslenskur vinnumarkaður hefur byggt á um áratugaskeið.

Alþýðusambandið hafnar þeirri nálgun að líta á atvinnuleysistryggingar fyrst og fremst sem útgjaldalið sem þurfi að skera niður. Þær eru fjárfesting í stöðugleika, félagslegu öryggi og virkri þátttöku fólks í atvinnulífinu. Sterkt kerfi atvinnuleysistrygginga styður við hraðari endurkomu fólks til starfa, dregur úr fátækt og minnkar líkur á langtímaatvinnuleysi.

### **„Illa ígrundað, gallað og gerræðislegt“**

Í fyrrnefndri umsögn ASÍ var fullyrt að frumvarpið væri „illa ígrundað, gallað og gerræðislegt“. Því miður stendur sá dómur enn. Þar var einnig bent á að líkur væru til þess að frumvarpið skilaði þveröfugri niðurstöðu við þá sem stefnt væri að; skert réttindi í atvinnuleysistryggingakerfinu muni leiða til þess að fólk færist yfir í önnur afkomutryggingakerfi t.a.m. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og örorkulífeyriskerfið með tilheyrandi rofi á tengslum við vinnumarkaðinn og vinnumarkaðsúrræði Vinnumálastofunnar.

### **Stjórnvöld virði grundvallarreglur vinnumarkaðar**

ASÍ hvetur félagsmálaráðherra til að hverfa frá þessu frumvarpi og hefja raunverulegt samráð við verkálýðshreyfinguna og aðra hagaðila. Umbætur á atvinnuleysistryggingum geta verið nauðsynlegar – en þær verða að vera til bóta fyrir launafólk og samfélagið í heild, ekki til að velta kostnaði yfir á þá sem standa höllum fæti.

ASÍ bendir á, að bætur atvinnuleysistrygginga eru fjármagnaðar með gjöldum á atvinnulífið, gjöldum sem renna til atvinnuleysistryggingasjóðs í stað þess að renna í vasa launafólks sem hluti þess svigrúms sem kann að vera til kjarabóta. Einhliða breytingar á afkomutryggingum launafólks fela því í sér bein afskipti ríkisstjórnar af kjarasamningum á vinnumarkaði og munu óhjákvæmilega framkalla viðbrögð við endurskoðun og endurnýjun kjarasamninga.

Enn má velja aðra leið. En þá þurfa stjórnvöld að virða þá grundvallarreglu sem íslenskt vinnumarkaðslíkan byggir á: að stórar ákvarðanir um líf skjör fólks séu teknar í samráði, ekki einhliða.



#### Fylgiskjal 4:

Grein Finnbjörns Hermanssonar, forseta ASÍ, birt á Vísi 2. febrúar 2026

#### Valdboð í stað samtals – Hættulegur tíðarandi

Íslenskt samfélag hefur lengi byggt styrk sinn á samtali, samráði og gagnkvæmri virðingu á vinnumarkaði. Sú hefð hefur verið hornsteinn stöðugleika, félagslegs öryggis og trausts milli aðila. Nú blasir hins vegar við alvarleg stefnubreyting. Stjórnvöld virðast hafa ákveðið að samtal við verkalýðshreyfinguna sé ekki lengur nauðsynlegt. Í stað þess er gripið til einhliða valdboða sem grafa undan réttindum launafólks og rjúfa þann félagslega sáttmála sem byggður hefur verið upp í áratugi. Skýrt dæmi um þennan hættulega nýja tíðaranda er frumvarp stjórnvalda um breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Frumvarpið felur í sér verulegar skerðingar á réttindum launafólks, eykur óöryggi og flytur ábyrgð og áhættu af samfélaginu yfir á einstaklingana sjálfa – án raunverulegs samráðs við verkalýðshreyfinguna.

#### Engin andstaða – pólitískur samhljómur

Þann 27. janúar mælti Ragnar Þór Ingólfsson ráðherra fyrir frumvarpinu á Alþingi. Enginn setti fram efnislega gagnrýni. Enginn spurði hver bæri byrðarnar. Enginn velti fyrir sér félagslegum afleiðingum breytinganna og enginn vakti athygli á hversu illa málið er unnið.

Eftir ræðu ráðherrans kom í pontu þingmaður Sjálfstæðisflokksins – sem minnt skal á að er í stjórnarandstöðu – og fékk vart hamið sig vegna kæti yfir því að málið væri komið fram, frumvarp sem viðkomandi lýsti yfir stuðningi við af heilum huga. Þessi uppákoma segir meira en mörg orð um þann pólitíska samhljóm sem ríkir um að ganga gegn réttindum launafólks, óháð því hvort menn sitja í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu.

Fyrir utan verkalýðshreyfinguna heyrðist enginn mótmæla. Sú þögn er ekki merki um styrk frumvarpsins heldur veikleika umræðunnar – og veikleika Alþingis. Sú þögn segir meira en mörg orð um augljósan skort á þinglegu aðhaldi.

Í frumvarpinu er vísað til óskýrra og óútfærðra hugmynda um svokallaðar vinnumarkaðsaðgerðir sem eiga að vega upp á móti skerðingum á réttindum launafólks. Þessar aðgerðir eru hvorki skilgreindar með skýrum hætti né studdar fjármagni. Þrátt fyrir það er lagt til að ráðist verði í róttækar kerfisbreytingar án þess að fyrir liggi trúverðug útfærsla eða heildstæð greining á félagslegum og efnahagslegum áhrifum þeirra. Þetta eru kunnugleg vinnubrögð: að fela kostnaðarlækkun á bak við einhliða skerðingu á réttindum launafólks, án rökstuðnings eða ábyrgðar.

#### Hvar eru fulltrúar launafólks?

Sérstaka athygli vekur að stjórnmalamenn sem kenna sig við „félagshyggju“, „jafnaðarmennsku“ og segjast jafnvel vera málsvarar „fólksins“ virðast hafa misst allan áhuga þegar kemur að því að verja grundvallarréttindi almennings. Sömu aðilar sem tala fyrir jöfnuði og félagslegu réttlæti í kosningabaráttum sitja nú annaðhvort hljóðir eða styðja beinlínis frumvarp sem felur í sér skerðingar á félagslegum réttindum.



Vaknar þá óhjákvæmilega spurningin: Á launafólk á Íslandi enga raunverulega fulltrúa á Alþingi? Ef svo er, hvers vegna ákveða þeir sem segjast vera það að þegja þegar mest á reynir og jafnvel að styðja þess aðför? Hvers vegna er þögnin valin í stað þess að standa vörð um almannahagsmuni og félagslegan stöðugleika?

### **Réttindi gerð tortryggileg**

Sama hugmyndafræði birtist nú í umræðunni um veikindarétt og réttindi opinberra starfsmanna. Þar hafa atvinnurekendur og talsmenn þeirra – ekki síst innan Viðskiptaráðs, áróðursstofu íslenskrar nýfrjálshyggju, – haldið því fram að svindl og skipulögð misnotkun fái þrífist. Þessir ósönnu sleggjudómar eru látnir standa óátaldir.

Á sama tíma áforma stjórnvöld með „jafnaðarmenn“ og fulltrúa „fólksins“ í broddi fylkingar að ráðast á samningsbundin réttindi með afnámi áminningarskyldu gagnvart ríkisstarfsmönnum. Þetta eru ekki tilviljanakenndar aðgerðir heldur hluti af samfelldri og skipulagðri atlögu að réttindum launafólks. Hér er um að ræða bein og með öllu óásættanleg afskipti stjórnvalda af málefnum vinnumarkaðarins. Vitanlega þarf að leiða mál sem þetta til farsælla lykta með samráði og samningum.

### **Atvinnuleysistryggingar sem kerfi aga og refsingar**

Atvinnuleysistryggingar eru ekki góðgerðarstarfsemi. Þær eru tryggingakerfi sem launafólk hefur sjálft greitt fyrir; byggðar á þeirri grundvallarsýn til samfélags og meðborgara að fólk eigi rétt á afkomu og reisu þegar það missir vinnuna. Að breyta atvinnuleysistryggingum í kerfi aga og refsinga sem byggir á tortryggni, skerðingum og þvingunum er bæði rangt og skamsýnt.

Slík stefna leiðir ekki til virkari vinnumarkaðar heldur aukins óöryggis og þrýstings á önnur velferðarkerfi samfélagsins.

### **Varðstaða um almannahagsmuni**

ASÍ mun ekki sætta sig við þessa þróun. Við munum halda áfram að verja samningsbundin réttindi launafólks, krefjast raunverulegs samráðs og benda af festu á afleiðingar þeirra ákvarðana sem nú eru teknar í skjóli þagnar, samhljóms og pólitísku ábyrgðarleysis. Verkalýðshreyfingin getur ekki brugðist hlutverki sínu með því að þegja þegar ráðist er á grunnstoðir vinnumarkaðarins. Hennar pólitík er aðeins ein: að standa vörð um almannahagsmuni.

Valdboð í stað samtals er ekki leiðin fram á við – þau eru atлага að lýðræðinu, að vinnumarkaðnum og að grundvallarréttindum launafólks. Slík stefna er ekki til farsældar fallin. Hún getur af sér sundrunu og rof á samfélagssáttmálanum.